

Fréttir af RTR

Nokkur tíðindi eru nú af RTR störfum. Þar þæst að RTR starfið í Félagsmálaráðu-neytinu kemur inn að nýju eftir nokkurt hlé. Einnig eru fyrirhugaðar breytingar á RTR starfinu í Glitni, vegna innanhúsbreytinga í bankanum. Auk þess sem önnur störf eru að losna á haustmánuðum. Er hér skorað á áhugasama að kynna sér störfín, sem auglýst eru á töflu í móttökunni og sækja um tímanlega.

Laus RTR störf

Félagsmálaráðuneytið. Starfið er laust frá og með 6. september. Vinnutími er alla virka daga frá 08.30 - 12.30. Starfið felur í sér almenn móttökustörf, símsvörun, ritvinnslu, ljósritun, umsjón kaffistofu, undirbúningur funda og önnur tilfallandi störf.

Félagsþjónustan Síðumúla. Starfið er laust 2. nóvember. Vinnutími er alla virka daga frá 11.00 - 15.00. Starfið felur í sér móttöku viðskiptavina, símsvörun, skjalavörslu, undirbúningur funda og umsjón kaffistofu.

Glitnir. Starfið er laust 1. október. Vinnutími er fjórar stundir. Starfið felur í sér tölvuinnslátt.

Allir í réttir

Þeirri hugmynd var varpað fram hvort að áhugi væri fyrir því meðal Geysisfélaga að fara í réttir í haust. Sá dagur sem kæmi til greina er 16. september og er þá miðað við vegalengd frá Reykjavík og að fé væri nokkru fleira en mannfólkið. Áhugasamir skrái sig á lista í móttökunni

Klúbburinn Geysir er opin alla virka daga frá kl. 08.30 - 16.00, nema föstudaga er lokað kl. 15.00.

Fram undan í september

Fimmtudagur 7. september

Opið hús til kl. 20.00
Allir að mæta.

Fimmtudagur 14. september

Kaffihúsaferð. Farið verður á Kjarvals-
taði. Lagt af stað frá Geysi kl 15.00

Laugardagur 16. september

Réttarferð (Nánar auglýst síðar)

Fimmtudagur 21. september

Fyrirtækjaheimsókn. Nánar auglýst
síðar

Fimmtudagur 28. september

Vídeo/DVD kvöld í Geysi. Félagar
mæti með popp/snakk og gos.

Morgunfundir

Morgunfundir eru nú alla morgna og
hefst klukkan 09.00. Munið frían
morgunmat frá 9.00 til 9.30
Allir að mæta

Deildarfundir

Fundir í deildum eru haldnir á hverjum
degi kl. 9.30 og 13.00 þar sem farið er yfir
verkefni sem liggja fyrir hverju sinni. Við
hvetjum féлага til að mæta á fundina.

Húsfundir!

Húsfundir eru miðvikudaga kl. 14:30. Rétti
stadurinn fyrir féлага að koma sjónarmiðum
sínun á framfæri.
Allir að mæta!!!

9. tölublað, september 2006

Litli Hver



Geysisfélagar í Berjamó

Veðrið lék sannarlega við okkur féлага í Geysi þegar við fórum í berjamó 31. ágúst. Í þetta sinn var farið í hlíðarnar fyrir ofan Hafravatn í leit að berjum. Berjaspretta virðist

vera með besta móti í ár, því nóg var af krækiberjum og bláberjum. Eftir berjatísluna settist fólk niður og naut ljúfra veitinga sem eldhúsdeldin hafði útbúið.



KLÚBBURINN
GEYSIR

BYGGT Á OG REKID SAMKVÆMT ALÞJÓDLEGRU
HUGMYNDAFRÆÐI FOUNTAIN HOUSE


Skipholti 29, 105 Reykjavík
Sími: 551-5166, fax: 551-5136
Netfang: kgeysir@kgeysir.is
Veffang: www.kgeysir.is

Bylting til bata

Ráðstefna Hugarafis, Bylting til bata var haldin á Hótel Sögu 24. og 25. september síðastliðinn. Benedikt og Kjartan Emil sátu ráðstefnuna fyrir hönd Klúbbsins Geysis. Ráðstefnan var einkar fróðleg í alla staði og ágætlega að henni staðið. Viðfangs- og umfjöllunarefni ráðstefnunar voru bataferli og valdefling, en sérstakur fyrirlesari var Judi Chamberlin frá Bandaríkjunum. Í máli hennar kom meðal annars fram að einn mikilvægasti þáttur í bata geðsjúkra væri möguleikinn að hafa val og áhrif á eigin meðferð. Ljóst er að hugmyndafræði Fountain house skarast í mörgu ágætlega við hugmyndir valdeflingar og má benda á að eitt af umræðuefnum væntanlegrar Evrópuráðstefnu í Munchen er einmitt um valdeflingu innan klúbbhússins.

Snyrtingin máluð

Viðhaldsdeildin er komin í haustgírinn og hófst handa með að mála snyrtinguna á fyrstu hæðinni. Ákveðið var að breyta um lit á rýminu og fallist á að mýkja þar viðveru og þægindi með ljóskremuðum lit. Á myndinni sem hér fylgir má sjá Þorkel Jóhannesson munda málningarrúlluna af mikilli nákvæmni. Gert er ráð fyrir verklokum í næstu viku.



Þjálfun í Mósaík

Það sem hafði mest áhrif á mig í þjálfuninni var hvernig Mósaík húsið notar markmiðsáætlun markvisst til þess að efla félag og auka færni þeirra. Frásagnir félaga af því hvernig skrifleg markmiðsáætlun hafði gert þeim betur kleift að nýta sér starfseminu í klúbbhúsinu til að bæta líf sitt voru áhrifamiklar. Skrifleg markmiðsáætlun hafði hjálpað félögum í að koma reglu á líf sitt, auka færni, komast í RTR vinnu/skóla eða sjálfstæða ráðningu.

Í kjölfar þjálfunarinnar ætla Geysir að leggja aukna áherslu á markmiðsáætlun félaga. Nú þegar er búið að endurbæta markmiðsáætlunarferlið í samræmi við þá reynslu sem við öðluðumst úti í London. Félagar í Geysi eru þegar byrjaðir að setja sér skrifleg markmið í klúbbnum. Sjálfur er ég búinn að ákveðja með mínum stuðningsaðila að gera markmiðsáætlun 5. september. Nú er bara um að gera fyrir alla Félag Geysis að velja Benna, Elínu, Kristinn, Siggú eða Tótu sem stuðningsaðila og festa dagsetningu og tíma fyrir markmiðsáætlunarfund. - **Guðni**



Guðni, Guy, finnskur félagi sem einnig var í þjálfun, og Tóta.

Fréttir af húsfundum í ágúst

Miðvikudagur 2. ágúst: Húsfundur henta klúbbnum vel en kannski ætti að ræða meira um stærri mál á húsfundum og flytja minni mál á deildarfundum.

Þriðjudagur 8. ágúst: Hlutverk starfsmanna er að virkja félag sem koma.

Miðvikudagur 9. ágúst: Talað fyrir því að afmælisbörn fái frían hádegismat. Hringt var frá Munchen þar sem fram kom tillaga um að klúbburinn Geysir héldi erindi um vottunarferlið, einnig hugmynd um að halda erindi um hvernig er að reka klúbbhús á jaðarsvæði. Rætt um mikilvægi þess að koma Íslendingi inn í úttektarteymið.

Mánudagur 14. ágúst: Námsmanna- aðstaða og heimasíða verða opnuð í haust.

Miðvikudagur 16. ágúst: Rætt var um að aðgengi fyrir fatlaða væri ábótavant og nauðsyn þess að koma fyrir lyftu í húsinu. Í eldhúseild var rætt um að nýta afurðir landsins – uppskerupema. Rætt var um hvort áhugi hjá félögum væri fyrir golfkennslu. Búið er að ganga frá því að þeir fulltrúar Geysis sem fara á ráðstefnu í Munchen haldi erindi um vottunarferlið.

Mánudagur 21. ágúst: Rætt um að handgera afmælskort og að selja ýmislegt dót í Kolaportinu, skautana og annað.

Miðvikudagur 23. ágúst: Eldhúseild minnti á berjamó í næstu viku og að búa til sultu úr rabbabara og rifs-

berjum. Stuttar umræður voru um framkvæmdaáætlun Londonfaranna. Hugmyndir um breytt fundaskipulag. Rætt um að hafa stefnumótunarfundi aðra hverja viku einnig að komið verði á morgunfundum frá kl. 9:00-9:30 þar sem farið verður yfir verkefni dagsins. Rætt um að fella niður viðmiðunarreglufundi á fimmtudögum og húsfundi á mánudagsmorgnum.

Mánudagur 28. ágúst: Í morgun var fyrsti morgunfundurinn. Farið var yfir þau verkefni sem eru framundan í vikunni. Lesin var viðmiðunarregla nr.1 og hún rædd. Tillaga kom fram um að færa hádegisverðartímamann til 12:30.

Miðvikudagur 30. ágúst: Rætt um markmiðsáætlanir og jákvætt gildi þess að félagar geri slíkar áætlanir. Kynnt bréf frá norskrí konu sem er félagi í Fountain house í Osló sem ætlar að heimsækja Ísland í október. Hún bað um aðstoð frá Geysisfélögum til að athuga með ódýra gistingu fyrir sig. Sagt var frá ráðstefnunni Bylting til bata sem haldin var í síðustu viku.

Framkvæmdaáætlunin

Innleiðing framkvæmdaáætlunarinnar sem unnin var í Mosaic klúbbnum hefur gengið vel, það sem af er. Meðal nýjunga er að núna eru haldnir sameiginlegir morgunfundir deildanna í matsalnum. Félagar eru hvattir til að gera markmiðsáætlanir, svo þeir eigi hægara með að setja niður fyrir sér hvernig þeir vilja að Geysir hjálpi þeim að ná markmiðum sínum. Einnig er hafinn undirbúningur að handbók fyrir félag. Hvetjum alla til að taka þátt og efla klúbbinn